

## GJALDSKRÁ

### fyrir þjónustu Náttúrufræðistofnunar Íslands.

#### 1. gr.

##### *Gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings.*

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald samkvæmt gjaldskrá þessari fyrir rannsóknir og ráðgjöf sem falla undir 4. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur samkvæmt 5. gr. laga nr. 60/1992. Gjald fyrir hverja klukkustund skal vera eftirfarandi án vsk:

- |                          |            |
|--------------------------|------------|
| a. Fyrir sérfræðinga I   | kr. 19.300 |
| b. Fyrir sérfræðinga II  | kr. 17.250 |
| c. Fyrir sérfræðinga III | kr. 15.200 |

#### 2. gr.

##### *Skordýra- og sveppagreiningar.*

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald fyrir greiningu á skordýrum og myglusveppum samkvæmt 5. gr. laga nr. 60/1992.

Gjaldið skal vera kr. 3.800 fyrir skordýragreiningu til almennings.

Fyrir greiningu á myglusveppum í mannvirkjum skal innheimta tímagjald skv. 1. gr. gjaldskrárinnar.

#### 3. gr.

##### *Útgáfa rita.*

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald fyrir útgáfu rita samkvæmt 5. gr. laga nr. 60/1992. Gjald fyrir hvert rit skal vera eftirfarandi án vsk.:

- |                                        |           |
|----------------------------------------|-----------|
| a. Fyrir fjölrít Náttúrufræðistofnunar | kr. 1.700 |
| b. Fyrir Blika                         | kr. 2.000 |

#### 4. gr.

##### *Útflutningsleyfi fyrir rannsóknarsýni.*

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald vegna útgáfu á útflutningsleyfi fyrir rannsóknarsýni samkvæmt 5. gr. laga nr. 60/1992.

Gjaldið skal vera kr. 54.250.

#### 5. gr.

##### *Útflutningsleyfi fyrir minjagripi og uppstoppuð dýr.*

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald vegna útgáfu á útflutningsleyfi til almennings fyrir minjagripi og uppstoppuð dýr samkvæmt 5. gr. laga nr. 60/1992.

Gjaldið skal vera kr. 7.750.

#### 6. gr.

##### *Lagastoð og gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 700/2022 fyrir þjónustu Náttúrufræðistofnunar Íslands.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 23. febrúar 2023.*

F. h. r.

**Sigríður Svana Helgadóttir.**

*Kjartan Ingvarsson.*